

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. sept.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 14. gr. laganna:

- a. 6. tölul. orðast svo: Sala bóka, jafnt frumsaminnna sem þýddra, þ.m.t. nótnabóka með og án texta, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka. Sama gildir um sölu á geisladiskum og öðrum sambærilegum miðlum með bókartexta, sem og sölu á rafrænum útgáfum slíkra bóka.
- b. Við 10. tölul. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir um sölu á rafrænni útgáfu á tónlist án myndar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætast fjórir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þó skal aðili með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem selur rafrænt afhenta þjónustu skv. d-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. til aðila sem er ekki skráður skv. 5. gr. og er heimilisfastur eða með fasta starfsstöð hér á landi innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri þjónustu hér á landi. Þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð. Seljandi skal ótilkvaddur tilkynna starfsemi sína rafrænt á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Aðilar sem selja rafrænt afhenta þjónustu fyrir 1.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili skulu undanþegnir skattskyldu.
- b. Í stað orðsins „Kaupandi“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: Aðili.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

3. gr.

Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr E-lið viðauka I við lögin: 8519.8100, 8521.9029, 8543.7001.

III. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

4. gr.

A-tollur tollskrárnúmeranna 8519.8100, 8521.9029 og 8543.7001 í viðauka I við lögin verður 0%.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2011.